

Jónas Guðmundsson,
fyrirsvarsmáður
Samgöngufélagið



Reykjavík, 4. mars 2020
Tilvísun: 2020020058
GPM/GE/BeÐ
Tilv. ykkar:

Efni: Jarðgangakostir á Austurlandi

Varðar fyrirspurn tengda áformun um gerð vegganga á Miðausturlandi sem bárust Vegagerðinni í tölvupósti 19.2.2020.

1. Alþingi veitti fjármunum í rannsóknir á gangaleið undir Fjarðarheiði og ákvað þar með að þar skyldi byrjað. Nákvæmlega hvaða rök hnigu að því koma mögulega fram í þingskjöllum.

Við undirbúning vegagerðar er eðlilegast að skoða fyrst stystu leið. Stysta leið er almennt samgöngulega best og því fagleg rök fyrir því að skoða hana og velja umfram aðrar leiðir. Seyðisfjörður mun hafa mest samskipti við Egilsstaði og stysta leið þar á milli er um eða undir Fjarðarheiði.

Til að tengja saman Héraðið og firði með jarðgöngum eru tvær leiðir sem gætu komið til greina, það er undir Fjarðarheiði og undir Mjóafjarðarheiði. Það er ekkert sem liggur fyrir og bendir fyrir fram á að mun betri aðstæður séu til gangagerðar á annarri gangaleiðinni, þvert á móti. Önnur göngin eru lengri og dýrari, það liggur ljóst fyrir og þarf engar rannsóknir til að sýna fram á það. Það liggur líka ljóst fyrir að lengri göngin leiða til stystu leiðar og betra samgöngukerfis, það er styttri akstursvegalengda, sem er eins og áður segir almennt markmið.

2. Lokanir á Fjarðarheiði:


	Lokanir á Fjarðarheiði	
	Heill dagur	Hluti af degi
2015	2	50
2016	0	34
2017	1	25
2018	0	29
2019	1	27

3. Árlegur kostnaður við vetrar- og sumarþjónustu ásamt viðhaldi á Seyðisfjarðarvegi um Fjarðarheiði er um 100 - 105 m.kr. miðað við síðustu 4 ár.
4. Áætla má að rannsóknir fyrir öll 3 göngin sem nefnd eru tæki tvö og hálf ár til 3 ár. Jarðborunum yrði skipt á tvö sumur þannig að nota megi niðurstöður úr fyrri hluta borana til að ákveða hvar og hve mikið eigi að bora að lokum og að þeirri borun lokið síðara sumarið. Skýrslugerð yrði síðan unnin veturinn á eftir.
5. Kostnaður gæti verið um 350 m.kr.
6. Það er gerð grein fyrir mati á samfélagsáhrifum um jarðgöng á Miðausturlandi í skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri frá júní 2006: *Fern jarðgöng á Mið-Austurlandi sem ein framkvæmd. Mat á samfélagsáhrifum og arðsemi.*
https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2006/skyrsla_lok_fern_jardgong.pdf
7. Í tengslum við gerð skýrslunnar: „*Seyðisfjarðargöng valkostir og áhrif á Austurlandi*“ gerði KPMG greiningu sem byggði á viðtölum við fagaðila, sem er í eðli sínu könnun. „Tekin voru viðtöl við aðila víðs vegar að úr samfélaginu á Austurlandi. M.a. var rætt við sveitarstjórnir Fjarðabyggðar, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, stjórn SSA o.fl. Upplýsingar um mikilvægustu samfélagslegu áhrifaþættina voru teknar saman út frá viðtölum og þeim gögnum sem fyrir liggja.

Að öðru leyti er Vegagerðinni ekki kunnugt um að gerð hafi verið almenn skoðanakönnun meðal íbúa Miðausturlands um vilja þeirra um jarðgöng á Miðausturlandi.

8. Vegagerðin sér sér ekki fært að styrkja gerð skoðanakönnunar.

Virðingarfyllst,


Bergþóra Þorkelsdóttir
forstjóri